

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborgar.

#### *Skúlagata 26, 28 og 30.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 7. nóvember 2019, breytingu á deiliskipulagi vegna lóðanna nr. 26, 28 og 30 við Skúlagötu. Breytingin fyrir Skúlagötu 26 felst í meginatriðum í stækkun byggingarreits og lóðar, breytti aðkomu að bílakjallara, hækkun hámarkshæðar úr 60 m í 66,5 m til að koma fyrir þakformi, tæknirýmum, útsýnissvæði og flutningi á spennistöð út að Vitastíg. Breytingin fyrir Skúlagötu 28 felst í betri skilgreiningu flóttastiga og breyttum bíla- og hjólastæða kröfum. Breytingin fyrir Skúlagötu 30 felst í breyttum bíla- og hjólastæðakröfum. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Blesugróf 34.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 14. nóvember 2019, breytingu á deiliskipulagi Blesugrófar vegna lóðarinnar nr. 34 við Blesugróf. Í breytingunni felst að heimilt er að reisa tveggja hæða einbýlishús með aukaíbúð innan núverandi byggingarreits og með nýtingarhlutfalli 0,45. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Efstaleiti 7.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 20. nóvember 2019, tillögu að breytingu á deiliskipulagi RUV-reits vegna lóðarinnar nr. 7 við Efstaleiti. Í breytingunni felst stækkun byggingarreits ofanjarðar vegna stigahúss og lyftu, aukning á byggingarmagni ofanjarðar og breytt skilgreining á notkun. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Jórufell 2-12.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 23. október 2019, tillögu að breytingu á deiliskipulagi Breiðholts III - suður vegna lóðarinnar nr. 2-12 við Jórufell. Í breytingunni felst að afmarkaðir eru þrír reitir fyrir sorpskýli á lóð og verður hver reitur 20 m<sup>2</sup>, núverandi byggingarheimildir fyrir bílskýli eru felldar út, fyrirkomulag bílastæða breytist og bílastæðum fækkar. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 4. desember 2019.*

**Björn Axelsson.**